

SJÁLFSMATSSKÝRSLA

GRUNNSKÓLINN Á ÞINGEYRI



Gleði- virðing- ábyrgð- samheldni



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Markmið.....	3
Tilgangur matsins	3
Starfsmarkmið skólans.....	4
Innra mat	5
Áætlun um sjálfsmat 2015-2020.....	6
Aðferð og framkvæmd	6
Niðurstöður	7
Nemendakönnun.....	7
1. Virkni nemenda í skólanum	7
2. Líðan og heilsa	8
3. Skóla- og bekkjarandi	9
Foreldrakönnun.....	9
1. Nám og kennsla.....	9
2. Velferð nemenda	10
3. Aðstaða og þjónusta	12
4. Foreldrasamstarf	12
5. Heimastuðningur	13
Starfsmannakönnun	14
1. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans	14
2. Kennarar - Starfsumhverfi kennara	14
Áform um þróunar-og nýbreytnistarf	15
Umbótaáætlun og viðbrögð við niðurstöðum skólapúlsins	16
Lokaorð.....	19
Fylgiskjöl	20



Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga ber öllum grunnskólum að vinna að markvissu sjálfsmati. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Allt skólaárið verður sjálfsmatið að vera virkt því þetta er langtímaavinna, með langtímamarkmið. Sjálfsmat skóla er leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjá grunnskólalögin nánar á eftirfarandi slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/1114.html>

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að fylgjast með mati og eftirliti með gæðum skólastarfs en skólanna að framkvæma mat, sbr. 5., 6. og 37.gr. og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitafélaga, framgang skólastefnu og áætlanir um umbætur.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólunum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera markmiðsbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað og byggt á áreiðanlegum upplýsingum. Það þarf að leiða til umbóta og vera opinbert.

Í þessari skýrslu eru upplýsingar um starfsemi Grunnskólans á Þingeyri skólaárið 2015-2016. Í skýrslunni má m.a. finna upplýsingar um áherslur í skólastarfinu, starfsmenn, nemendur, kennslustundir, viðburði og aðra þætti skólastarfsins. Skýrslan er unnin af skólastjóra ásamt umsjónarkennurum, þeir mynda grunnskipulag kennslunnar. Umsjónarkennarar gefa gott yfirlit yfir starfið í hverjum námshópi fyrir sig. Val- og greinakennarar ásamt námsráðgjafa gefa einnig góðar upplýsingar varðandi þætti sem snúa að þeirra kennslu.



Markmið

Í 36. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að hver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs.

Markmið þessarar skýrslu er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf í Grunnskólanum á Þingeyri, meta árangur og veita upplýsingar til fræðslufirvalda, starfsfólks skólans, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár Grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Skólastjóri og starfsfólk skólans bera ábyrgð á gæðum starfsins innan skólans.

Markmið matsins er að stuðla að umbótum á skólastarfinu og efla skólaþróun.

Tilgangur matsins

Markmið skýrslunnar er að varpa ljósi á hvernig Grunnskólanum á Þingeyri hefur gengið að fylgja ákvæðum laga um innra mat og hvernig til hefur tekist að ná markmiðum í starfsáætlun skólans.

Ígrundun er eitt aðalsmerki kennara sem vilja standa sig vel í starfi. Með ígrundun er kennari stöðugt að skoða sjálfan sig og vinnu sína með það að markmiði að bæta kennsluhætti sína og efla í leiðinni árangur nemenda sinna. Það er því samasemmerki milli þess að vera góður kennari og að ígrunda og meta starf sitt stöðugt. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæta skólastarfið og efla skólaþróun. Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða bæta til að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Niðurstöður geta nýst við að bæta og efla starfið enn frekar ásamt því að aðstoða við skipulag og ef það þarf að setja ákveðin verkefni í forgang.



Starfsmarkmið skólans

Grunnskólinn á Þingeyri setti sér fimm markmið fyrir skólaárið 2015-2016. Markmiðin voru sett með það í huga að stuðla að því að bæta enn frekar og byggja ofan á samskipti heimilis og skóla, styðja við bættu líðan nemenda í skólanum með góðum skólabrag og betri bekkjaranda. Unnið var að breyttum kennsluháttum í skólastarfi með spjaldtölvum á öllum skólastigum og lagður grunnur að læsis- og stærðfræðistefnu fyrir alla námshópa. Nemendur settu sér markmið og lærðu meira að bera ábyrgð á eigin námi og í leiðinni urðu þeir meðvitaðir um þekkingu sína.

Markmið:

1. "Stillum saman strengi"

Læsisstefna

- Það gerum við með því að marka okkur stefnu í læsi og hvaða leiðum og úrbótum er best að vinna eftir til þess að ná árangri með nemendum í lestri og íslenskri tungu. Markviss skimun og skráningar á niðurstöðum er ein af leiðunum. Lestrarátök og mælingar. Leggja áherslu á lesskilning ásamt hraða.

Stærðfræðistefna

- Það gerum við með því að marka okkur stefnu í stærðfræði og hvaða leiðum og úrbótum er best að vinna eftir til þess að ná árangri með nemendum í stærðfræði. Markviss skimun og skráningar á niðurstöðum er ein af leiðunum ásamt heimaþjálfun.

2. Námsmatið – unnið að breytingum samkvæmt aðalnámskrá. Öll skólastig. Innleiðing og lært á nýtt umhverfi mentors.

3. Að viðhalda jákvæðum skólabrag.

- Með því að fá nemendur til þess að tileinka sér ákveðin gildi eins og samskiptahæfni, umburðarlyndi og virðingu. Nemendur læri að umgangast hvert annað í sátt og samlyndi. Að allir sem koma að skólastarfi Grunnskólans á Þingeyri stuðli að jákvæðni með gangkvæmri virðingu gangvart öllum þeim sem koma að skólastarfinu. Mestu skiptir að nemendum líði vel í skólanum.

4. Foreldrasamstarf / samvinna heimilis og skóla



- Með því að halda foreldraþing í nóvember. Fara yfir með foreldrum hvers er ætlast til af þeim í samstarfi heimils og skóla til þess að vinna að öflugum skólustarfi. Vinna saman að lausnum ef upp koma atvik sem þarf að leysa með upplýsingagjöf milli heimils og skóla, símleiðis eða mentor.is. „Gullið“, dagbók fyrir nemendur sem heldur betur utan um samskipti við heimilin með námi nemenda.

Aðrir þættir sem unnið verður markvisst að:

- ✓ Tengsl skóla og umhverfis
 - Það gerum við meðal annars með því að eiga í góðu samstarfi við leikskólann Laufás með því að bjóða þeim og þiggja heimsóknir og aðra fræðslu (Brúum bilið). Með því að nýta umhverfi og nágrenni skólans til útikennslu sem og að heimsækja fyrirtæki og stofnanir.
- ✓ Uppbyggingarstefnan
 - Það gerum við með því að gera bekkjarsáttmála í hverjum námshópi. Vinnum með jákvæð samskipti og lærum að taka tillit til þarfa hvers annars. Umsjónarkennarar allra námshópa vinna með uppbyggingarstefnuna markvisst.
- ✓ Einstaklingsmiðað nám
 - Það gerum við með því að leiðbeina nemendum og styðja þau við allt nám á þeirra grundvelli. Aðstoða þá við að ná tókum á markmiðssetningu og bera ábyrgð á eigin námi.
- ✓ Byrjendalæsi
 - Það gerum við með því að halda áfram að vinna með þróunarverkefnið byrjendalæsi. Unnið er með grunnþætti íslenskunnar í 1.-2. bekk.

Innra mat

Skólastjóri í samstarfi við kennara setur upp áætlun um innra mat til fimm ára í senn og leggur fyrir starfsmannafund. Sjálfsmatsáætlun er síðan birt á heimasíðu skólans. Áætlun hvers árs er yfirfarin að hausti og kynnt á starfsmannafundi. Hlutverk skólastjóra er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr



niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

Áætlun um sjálfsmat 2015-2020

Hér fyrir neðan eru þeir þættir sem á að skoða til ársins 2020

Áhersuþættir Sjálfsmats	2015-2016	2016-2017	2017-2018	2018-2019	2019-2020
Námsmat	X		X		X
Innra mat		X		X	
Ytra mat		X			X
Nemendur - líðan	X	X		X	
Skólanámskrá		X		X	
Breyttir kennsluhættir – spjaldtölvur í skólastarfi	X		X		X
Stjórnun, stefna og markmið			X		
Nám og kennsla lestur og stærðfræði		X		X	X
Aðbúnaður / Skólastofur	X		X		X

Aðferð og framkvæmd

Til að mæla árangur skólastarfsins og auðvelda sjálfsmat eru lagðar kannanir fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Notast er við þjónustu Skólapúlsins. Tvær rafrænar kannanir voru lagðar fyrir 6.-10. bekk, önnur í október og hin í apríl. Sömu spurningar voru lagðar fyrir í bæði skiptin. Könnunin mældi nám og líðan nemenda í skólanum. Þessar spurningar eru hannaðar af þeim sem reka Skólapúlsinn og kaupir skólinn þessa þjónustu en í henni felst að fyrirtækið útbýr spurningalista sem eru lagðir fyrir og þátttakendur sem svara í gegnum tölvu. Skólastjóri vinnur úr upplýsingum og nýtir þær við mat skólastarfsins með kennurum. Einu sinni á ári svara foreldrar og/eða forráðamenn könnun frá Skólapúlsinum sem mælir starfið útfrá þeim hins vegar og annars vegar svarar starfsfólk skólans könnun sem ætluð er að fá upplýsingar útfrá þeirra upplifun og vinnu. Foreldrar svöruðu könnun í febrúar og starfsfólk í mars.

Niðurstöður voru skoðaðar og lesið út hvar nemendur standa miðað við aðra í landinu.

Ef mæling fyrir nýjasta mánaðarúrtak skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan landsmeðaltal miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan nafn þáttarins innan sviga í bláum stöfum (+/-X,XX). Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin landsmeðaltali er munurinn birtur. Upplýsingar um marktækan munur koma einnig fram í myndritum þannig að ef mánaðargildi er marktækt frábrugðið landsmeðaltali er það stjörnumerkt. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Niðurstöður

Í þessum kafla verður farið yfir niðurstöður Skólapúlsins. Niðurstöður gefa vísbendingar um það hvernig efla megi skólastarfið enn frekar ásamt því að gefa upplýsingar um hvort markmiðum starfsáætlunar hafi verið náð. Fyrst er farið yfir niðurstöður nemendakönnunar, því næst niðurstöður foreldrakönnunar og að lokum niðurstöður starfsfólks. Niðurstöður er staða skólans, landið er landsmeðaltal. Ef tala er blá er marktækur munur.

Nemendakönnun

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstöða	N	Landið	N	Mismunur
Ánægja af lestri	6,1	32	5,0	16.969	1,1
Þrautseigja í námi	6,2	32	5,1	16.956	1,0
Áhugi á stærðfræði	6,2	32	5,2	16.954	1,0
Ánægja af náttúrufræði	6,0	32	5,1	16.917	0,9
Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,5	32	5,2	16.950	0,3
Trú á eigin námsgetu	5,8	32	5,1	16.918	0,7


Mat og leiðir til úrbóta: Niðurstöður í takt við það sem stefnt var að. Mikil áhersla á lestur í takt við þróunarverkefnið „Stillum saman strengi“ ásamt mælingum og

metnaði að skila sér. Einnig mælist áhugi á stærðfræði yfir landsmeðaltali sem þarf að halda í og bera svo saman við niðurstöður úr samræmdum könnunum.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Sjálfsálit	5,1	32	5,1	16.921	0,0
Stjórn á eigin lífi	4,9	32	5,0	16.915	-0,1
Vellíðan	5,2	32	5,0	16.911	0,2
Einelti	4,8	32	5,1	16.916	-0,3
Tíðni eineltis	12,5%	4/32	11,4%	1910/16844	1,1%
Hreyfing	74,2%	23/31	71,9%	11980/16696	2,3%
Hollt mataræði	5,0	32	4,9	16.874	0,1

Mat og leiðir til úrbóta: Matsþættir koma ágætlega út og mælast um og rétt yfir landsmeðaltali í flestum þáttum. Því miður mælist einelti við skólann og miðað við niðurstöður eru það 2-3 nemendur sem verða fyrir einelti í frímínútum, íþróttum og eftir skóla. Leita verður leiða til að vinna gegn þessu og skýra hugtakið einelti betur ásamt því að kynna eineltisáætlun skólans fyrir nemendum og foreldrum. Einnig er mikilvægt að áætlun og skólareglur séu sýnilegar og unnið markvissara að því að tengja áætlun og reglur við uppbyggingarstefnu skólans. Vinnan verður að vera regluleg og skipulagðari yfir veturinn og tengjast bekkjarsáttmála og bekkjarfundum á hverju stigi fyrir sig. Ábyrgð bera skólastjóri og umsjónarkennarar. Gott að fleirum líður vel í skólanum en það skiptir mestu máli í skólastarfi til að nám geti átt sér stað.



Mynd 1)

Sýnir vellíðan innan skólaársins miðað við landið. Niðurstöður sýna að við erum á góðri leið og höfum náð að einhverju leyti markmiði okkar um líðan í skólanum.



3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Samsömun við nemendahópinn	5,3	32	5,1	16.863	0,2
Samband nemenda við kennara	6,1	32	5,1	16.857	1,0
Agi í tímum	6,2	32	5,1	16.861	1,1
Virki þátttaka nemenda í tímum	6,2	32	5,2	16.831	1,0
Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,4	27	5,0	16.210	0,4

Mat og leiðir til úrbóta: Niðurstöður mjög góðar eins og sjá má í töflu. Mikilvægt að samband nemenda og kennara sé gott. Nemendur finna að það sé agi í tímum og taka virkan þátt. Þessir þættir eru mikilvægir og segja margt um skólafarir og braginn. Ásamt þessum niðurstöðum má bæta við skýrslu læsiráðgjafa Menntamálastofnunar og tengist hún líðan nemenda líka. Í henni kemur fram að nemendur hafi verið viðræðugóðir og áhugasamir. Í skólanum eru kurteis börn sem voru tilbúin að segja frá verkefnum sínum og spjalla. „Skólabragurinn á Þingeyri var afar góður, viðmót allra var notalegt og faglegt starf virðist gott“ (Skýrsla um heimsókn ráðgjafa í Ísafjarðarbæ, apríl 2016, fylgiskjal 1).

Foreldrakönnun

Þetta er í annað sinn sem foreldrakönnun Skólafélagsins er lögð fyrir foreldra G.Þ. Foreldrar svöruðu fjölbreyttum spurningum um nám og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf og heimastuðning. Það gekk mjög vel að fá foreldra til að taka þátt.

1. Nám og kennsla

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	6,2	13	5,1	3.194	1,1
Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra	5,5	13	5,0	3.143	0,5
Ánægja foreldra með stjórnun skólans	100,0%	13	89,4%	2789/3083	10,6%
Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	91,7%	11/12	84,4%	2653/3126	7,3%
Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	100,0%	13	78,2%	2436/3125	21,8%



Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra	84,6%	11/13	74,7%	2356/3100	9,9%
Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati foreldra	84,6%	11/13	76,3%	2344/3039	8,3%

Mat og leiðir til úrbóta: Þessi þáttur að mati foreldra er mjög góður sem segir okkur að við höfum verið að bæta okkur í vetur m.a. í samskiptum við foreldra. Mikilvægt er að vinna með hæfilegt námsefni fyrir hvern og einn og leggja áfram áherslu á einstaklingsmiðað nám. Að nemendur setji sér markmið fyrir hverja önn er greinilega að virka og samræða um nám nemenda orðin markvissari milli allra aðila. Umræðan hjálpar öllum að bera ábyrgð á sínu hlutverki. Á mynd 2 má sjá að foreldrar telja það mjög mikilvægt að setja námsmarkmið með börnum sínum.



Mynd 2) Sýnir að allir foreldrar telji mikilvægt að gera námsáætlun og tengjum við það við markmiðasetningu í upphafi skólaárs og við annaskil.

2. Velferð nemenda


Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,6	16	4,7	3.117	0,9
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	100,0%	13	88,2%	2760/3087	11,8%



Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	92,3%	12/13	91,3%	2923/3182	1,0%
Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	92,3%	12/13	91,4%	2910/3169	0,9%
Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	92,3%	12/13	88,2%	2832/3172	4,1%
Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	23,1%	3/13	10,6%	321/3149	12,5%
Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	75,0%	¾	59,5%	314/535	15,5%
Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	66,7%	2/3	56,1%	285/520	10,6%
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	90,0%	9/10	78,3%	1631/2057	11,7%

Mat og leiðir til úrbóta: Þessir þættir eru allir að mælast virkilega jákvæðir fyrir utan einn þátt sem er umfang eineltis í skólanum. Skólinn er fámennur og því telja 2-3 svarendur mjög mikið. Einelti er að mælast í foreldrakönnuninni sem styður við niðurstöður úr nemendakönnun varðandi einelti. Mikilvægt er að upplýsingar um einelti berist inn á borð til skólastjóra og/eða umsjónarkennara. Mikilvægt er að öllum líði vel og að skilningur á hugtakinu einelti sé sú sama. Eineltisáætlun verður send út næsta haust til allra foreldra og eru þeir hvattir til að ræða við skólastjóra og/eða umsjónarkennara ef grunur er um einelti. Einnig er mikilvægt að foreldrar hvetji börn sín að segja frá ef grunur er um að einhverjum líði illa og efla með þeim samkennd. Mynd 3 sýnir að fjöldi þeirra sem lagðir eru í einelti hefur aukist að mati foreldra. Einnig mælist einelti miklu meira ef við berum okkur saman við landið. Mikilvægt er að skapa umræður um þetta mál milli heimilis og skóla og bregðast við með fræðslu.

2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra –
Ársmeðaltöl



Mynd 3) Hér sjáum við neikvæðar niðurstöður um umfang eineltis að mati foreldra. Þetta þarf að laga.



3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	6,0	13	5,0	3.126	1,0
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	16,7%	2/12	37,8%	1231/3134	-21,1%
Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum	15,4%	2/13	29,3%	925/3150	-13,9%
Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu	23,1%	3/13	14,4%	484/3151	8,7%
Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	92,3%	12/13	75,4%	2144/2756	16,9%
Notkun á mötuneyti	100,0%	13	86,9%	2795/3167	13,1%

Mat og leiðir til úrbóta: Aðstaðan í skólanum er með besta móti. Boðið er upp á frístund í samvinnu við leikskóla en engin hefur nýtt sér þá þjónustu í vetur. Almenn ánægja er með mötuneyti.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,2	15	5,0	3.115	0,2
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	56,2%	9/16	55,1%	1731/3036	1,2%
Ánægja með síðasta foreldraviðtal	93,3%	14/15	95,3%	2954/3098	-2,0%
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	66,7%	10/15	54,0%	1603/3029	12,7%
Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	100,0%	13	83,1%	2439/2935	16,9%
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	87,5%	14/16	77,8%	2419/3119	9,7%
Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	92,3%	12/13	70,7%	2286/3183	21,6%


Mat og leiðir til úrbóta: Þessir þættir koma vel út. Alltaf má gera betur til að auka samstarf milli heimilis og skóla. Á næsta skólaári munum við koma upplýsingum til foreldra í gegnum Facebook, heimasíðan verður virk og skemmtileg áfram ásamt því að ný kynslóð Mentor verður tekin í notkun. Hér má einnig sjá hvað foreldrum finnst

mikilvægt að gera námsáætlun sem er nátengt því að setja markmið á hverri önn og vinna að því að ná þeim og ræða um hvernig til tókst.

5. Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Virgni foreldra í námi barna sinna	4,6	16	4,9	3.114	-0,3
Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,1	16	4,6	3.100	-0,5
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	5,0	16	4,5	3.065	0,5
Hæfileg heimavinna að mati foreldra	93,8%	15/16	70,4%	2177/3058	23,4%
Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	43,8%	7/16	55,9%	1706/3067	-12,1%
Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns	43,8%	7/16	74,8%	2086/2870	-31,0%

Mat og leiðir til úrbóta: Þessir þættir koma ágætlega út. Það er einn þáttur sem sker sig úr og er hann merktur með blárrí tölu. Væntingar foreldra til menntunar geta haft gríðarleg áhrif á stuðning við nám og árangur. Þetta er þáttur sem hægt er að vinna með náms,-og starfráðgjafa sem getur komið með erindi inn á foreldrafundi þar sem þessi mál eru rædd. Áberandi munur er á því hve miklar væntingar foreldrar hafa til drengja annars vegar og stúlkna hins vegar (sjá mynd 4). Um þetta þarf að skapa umræðu.



Mynd 4) Hér sjáum við að foreldrar gera mun minni væntingar til náms barna sinna en landsbyggðin. Strákar vs. stelpur greinilegur munur.

Starfsmannakönnun

Starfsfólk tók þátt í starfsmannakönnun Skólapúlsins í annað skiptið og gekk það mjög vel ásamt því að gefa góðar upplýsingar um starf sitt. Þeir þættir sem spurt var um voru almennar rekstrarupplýsingar, almennar spurningar um starf skólans og viðhorfs til skólans. Kennarar svöruðu spurningum um kennarastarfið, starfsumhverfi, mat og endurgjöf og símenntun. Heilt á litið komu þessir þættir mjög vel út. Fámennur skóli og nálægð kennara við hvern annan eflir samkennd þeirra og samvinnu þó að það geti stundum verið erfiðara. Mikilvægt að vera hreinskilin og taka tillit hvert til annars í samskiptum. Andrúmsloftið á vinnustaðnum er gott, góður andi. Starfsfólkið hefur metnað fyrir að því að gera skólann enn betri og vinna faglega að markmiðum skólans. Það sem skólann vantar eru fleiri kennslustundir til að vinna meira með nemendum ásamt því að vilja fleiri nemendur í skólann því fámennið getur líka verið ókostur. Það er krefjandi að kenna fáum nemendum í aldursblönduðum hópum en mjög skemmtilegt.

1. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Starfsánægja í skólanum	6,2	8	5,1	2.624	1,1
Starfsandi innan skólans	6,9	8	5,0	2.589	1,9
Stjórnun skólans	7,1	8	5,0	2.569	2,1
Upplýsingastreymi innan skólans	6,7	8	4,7	2.612	2,0
Starfsaðstaða í skólanum	6,3	8	4,5	2.588	1,8

Mat og leiðir til úrbóta: Viðhorf til skólans og stjórnunar hans að mati starfsmanna er mjög gott. Ýmsa þætti má þó laga varðandi vinnuaðstæður og starfsmenn hvattir til að halda áfram að gefa umhverfi sínu gaum og ræða á kennarafundum eða einslega við skólastjóra.

2. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	6,0	7	4,7	1.468	1,3
Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,5	7	4,8	1.425	0,7
Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	8,3	7	4,9	1.550	3,4
Samráð um kennslu	3,3	7	5,1	1.545	-1,8
Samvinna um kennslu	5,3	7	5,1	1.497	0,2
Valddreifing við ákvarðanatöku	7,8	7	4,6	1.391	3,2



Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	7,8	7	4,7	1.467	3,1
Vinnuaðstæður kennara	5,8	7	5,1	1.554	0,7

Mat og leiðir til úrbóta: Starfsumhverfis þáttur könnunar kemur mjög vel út. Skólinn þarf fleiri úthlutaðar kennslustundir til að geta boðið kennurum upp á að vinna meira saman í teymum. Þeir fá tíma til að skipuleggja kennsluna en það vantar uppá að þeir geti unnið saman í kennslustundum með nemendum. Fámennið kemur í veg fyrir að við getum unnið í takt við hugmyndir okkar um teymiskennslu og einstaklingsmiðun. Kennarar geta þó unnið meira á milli stiga til að efla teymiskennslu.

Aðra matsþætti er ekki hægt að birta sökum þess hve fáir svara könnuninni. Sumir þættir eru ekki marktækir vegna þess hve fári svara.

Kennarar og starfsfólk eru almennt ánægðir í vinnu og með aðstöðu skólans. Upplýsingamiðlun til foreldra er ekki að mælast nógu vel en það getur stafað af því að umsjónarkennarar sjá aðallega um að upplýsingar berist til foreldra í svo kölluðum „föstudagspóstum“ sem sendir eru í tölvupósti í gegnum Mentor. Kennarar eru hvattir til að senda til foreldra jákvæðar upplýsingar um vinnu nemenda og hegðun. Eitt hrós á dag kemur skapinu í lag. Þetta á við alla kennara ekki bara umsjónarkennara.

Endurmenntun kennara hefur í vetur að mestu leyti falist í innleiðingu spjaldtölva í skólastarf í og forritunarkennslu. Einnig hafa kennarar sótt hin ýmsu námskeið, bæði að eigin frumkvæði og skólans, m.a. sótt námskeið í PALS og hafa verið skráðir í ýmis námskeið tengdum upplýsingatækni í gegnum internetið. Einnig sóttu flestir kennarar námskeið hjá Guðlaugu á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarðar um geðrækt. Fyrirhugað er að sækja námskeið í uppbyggingastefnunni á haust dögum og vinna markvissara að henni næsta vetur.

Áform um þróunar-og nýbreytnistarf

Skólar Ísafjarðarbæjar munu vinna saman að kennsluskrá í forritun. Vinna að breyttu námsmati er að klárast. Beðið er eftir breytingum í Mentor sem auðveldar alla vinnu. Einnig er stefnt að því að dreifa ípróttum á 3 daga í stað 2 og koma inn í stundatöflu hreyfistundum t.d. jóga og dans, þannig að markviss hreyfing sé stunduð á hverjum degi í skólanum.

Vonast er eftir áframhaldandi samvinnu grunnskólanna á Flateyri og Suðureyri og hafa starfsdagar verið teknir frá í þessa vinnu á næsta skólaári. Einnig hefur

samvinna við Grunnskólann á Ísafirði stóraukist og vonast er eftir að sú vinna aukist enn frekar. Allir skólar hafa tekið frá starfsdag í október 2016 til að vinna saman. Stefnt er á að koma upp menntabúðum hjá grunnskólum Ísafjarðarbæjar þar sem starfsfólk skólanna kenna hvort öðru og styrkja. Þannig nýtum við mannauðinn í kringum okkur og eflum fagmennsku.



„Saman getum við allt“

Umbótaáætlun og viðbrögð við niðurstöðum skólapúlsins

Umbótaáætlun er viðbrögð skólans við niðurstöðum sjálfsmats/innra mats.

Niðurstöðurnar eru notaðar til að setja markmið að umbótum og er endurskoðuð og unnin af starfsfólki skólans og stýrð af skólastjóra. Umbótaáætlunin er endurskoðuð a.m.k. tvisvar á ári í ljósi sjálfsmats skólans og þess hvernig úrbætur hafa náð fram að ganga. Umbótaáætlun er einnig kynnt á foreldrafundi á haustin ásamt því að vera kynnt og yfirfarin af skólaráði.

Áætlunina má sjá í heild sinni á næstu síðu.



Verkefni:	Markmið:	Farvegur/leiðir:	Mat:
Efla trú nemenda á eigin námi	<ul style="list-style-type: none"> Mæla árangur í námi Hvetja til lesturs Hvetja til þjálfunar í stærðfræði Heimadæmi? 	<ul style="list-style-type: none"> Halda áfram að gera árangur sýnilegan ekki bara í lestri Hvetja til þjálfunar 15 mín. á dag =gæðastundir 	Mælingar settar upp í myndrit. Skólapúlsinn
Leggja þarf áherslu á uppbyggingar starf í námshópum sem forvörn gegn einelti.	<ul style="list-style-type: none"> Að allir hafi sama skilning á hugtakinu einelti og efli samkennd. Útrýma einelti og að hver og einn fái frið til að vera hann sjálfur. Að allir standi með sér. 	<ul style="list-style-type: none"> Hvetja nemendur og kennara að láta vita ef grunur er á einelti. Baráttudagur gegn einelti notaður til fræðslu og umræðu. Bekkjarfundir Skólareglur Efla samkennd 	Niðurstöður skólapúlsins
Vinna að eflingu sjálfsþekkingar og sjálfsálits (lífsleikni)	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur geti tjáð sig um eigin tilfinningar Að nemendur byggi sig upp í stað þess að brjóta sig niður 	<ul style="list-style-type: none"> Styrkja nemendur í jákvæðri sálarfræði Koma í veg fyrir kvíða og þunglyndi Að nemendur finni leiðir sem þeir geta leitað í þegar þeir eru leiðir Markvisst í lífsleikni og ritun Fá góða gesti til að ræða við nemendur ásamt skólahjúkrunafr. 	Skólapúlsinn
Væntingar foreldra til náms barna sinna.	<ul style="list-style-type: none"> Að gera foreldra meðvitaða um mikilvægi þess að hafa væntingar til barna sinna. Gera foreldrum grein fyrir mun á væntingum til stráka vs. stelpna. 	<ul style="list-style-type: none"> Gera foreldrum grein fyrir þessum þætti og mikilvægi hans og tengja við námsárangur á foreldrafundi í haust. Ræða við foreldra um muninn á væntingum til stráka vs.stelpna tengt námsárangri. 	Skólapúlsinn



		<ul style="list-style-type: none">• Erindi starf,-og námsráðgjafa á fundi.	
Aðstaða til náms Vinnuaðstaða kennara og nemenda	<ul style="list-style-type: none">• „Krútt“ skólaumhverfið sem hvetur til góðrar umgengni, vinnusemi og gleði	<ul style="list-style-type: none">• Fá iðjuþjálfara til að stilla stóla og borð.• Fjárfesta í hnakkastólum fyrir kennara• Leskrókur á mið stigi• Elsta,-og yngsta stig skiptir um rými	Skólastjóri og starfsfólk
Vinna markvissara með niðurstöður mælinga í samvinnu við foreldra og nemendur	<ul style="list-style-type: none">• Að nýta niðurstöður markvissara til að setja námsmarkmið	<ul style="list-style-type: none">• Móta ferli hvernig unnið er með niðurstöður samræmdra prófa, niðurstöður talnalykils• „Stillum saman strengi“ skjal fyrir hvern og einn nemanda sem sýnir árangur í lestri, stærðfr. og samræmdum könnunum	Skólastjóri Kennarar Foreldrar



Lokaorð

Samkvæmt niðurstöðum innra mats líður flestum nemendum mjög vel í skólanum. Í skólanum mælist einelti sem er miður því að kennarar og starfsfólk skólans verða ekki varir við slíkt og mikilvægt er að vinna að því að uppræta það ásamt því að allir aðilar skilji hugtakið einelti á sama hátt. Tilfallandi stríðni er ekki einelti og eðlilegt er að nemendur rekist á annað slagið. Einnig er vert að athuga að þröskuldur okkar er mishár og getur líðan verið breytileg dag frá degi tengd því hvort við erum svöng eða þreytt eða eftir viðfangsefnum hvers og eins í skólanum eða utan hans. Mismunandi gildi og viðmið eru í gangi og er það eðlilegt þar sem við erum öll ólík og eigum ekki að vera eins. Tillitsemi og virðing fyrir hvert öðru getur lagað þetta ásamt fræðslu og umræðu. „Af misjöfnu þrífast börnin best“, er það rétt? Nei, það er ekki rétt í þeim skilning að þau eiga öll rétt á virðingu og vellíðan sem drífur þau áfram í lífi og starfi.

Aukin ánægja í námi mælist hátt og er það eitthvað sem við höldum áfram að vinna með tengt áttakinu „Stillum saman strengi“. Sú vinna er að skila árangri. Áhugavert verður að rýna í og bera saman niðurstöður samræmdra kannana næsta ár. Stefnt er að því að þær niðurstöður verði ekki undir landsmeðaltali.

Mikilvægt er að nýta niðurstöður matsins til þess að halda í þá jákvæðu þætti sem Grunnskólinn á Þingeyri býr sannarlega yfir. Betur má ef duga skal og lögum það sem þarf að laga.

Erna Höskuldsdóttir

Skólastjóri Grunnskólans á Þingeyri

16.6.2016



Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1)



Erna Höskuldsdóttir
skólastjóri Grunnskólans á Þingeyri

Skýrsla um heimsókn ráðgjafa í Ísafjarðarbæ, apríl 2016

Margrét Halldórsdóttir sviðsstjóri skóla- og tómtundasviðs Ísafjarðarbæjar óskaði í október 2015 eftir ráðgjöf frá læsisteymi Menntamálastofnunar til að styðja skólafólk í Ísafjarðarbæ við verkefnið *Stillum saman strengi* sem hefur verið unnið að sl. ár. Tveir ráðgjafar fóru vestur í nóvember, Brynja Baldursdóttir og Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir. Í samráði við Margrét Halldórsdóttur, skólastjórnendur í Ísafjarðarbæ og Herdís Hubner kennsluráðgjafa var ákveðið að sömu læsiráðgjafar færu vestur í lok skólaárs 2015-16 til að fylgja verkefnum eftir.

Í heimsókninni síðasta haust var ákveðið að læsiráðgjafarnir hefðu tengla í öllum skólunum og gafst sú ráðstöfun vel í vetur.

Grunnskólinn á Þingeyri, e.h. 27. apríl, 2016

Við komum til Þingeyrar kl. 11:30 þann 27.04 og fórum beint í grunnskólann. Þar hittum við Ernu Höskuldsdóttur skólastjóra ásamt kennurum skólans. Við byrjuðum á að heilsa upp á nemendur skólans á þeirra vinnusvæðum. Unglingarnir voru afar viðræðugóðir og áhugasamir um störf okkar. Þeir sögðu okkur einnig frá sinni lestrarvinnu í vetur. Sömu sögu eru að segja um mið- og yngsta stig skólans. Þar voru kurteis og þrúð börn sem voru tilbúin að spjalla við okkur og segja frá sínum verkefnum.

Skólabragurinn á Þingeyri er afar góður, viðmót allra var notalegt og faglegt starf virðist gott.

Okkur var boðið upp á hádegismat í skólanum. Eftir matinn funduðum við með Ernu skólastjóra og Borgnýju Gunnarsdóttir sem er tengiliður skólans við læsisteymið.

Við sýndum þeim glætur með forspá um gengi 10. bekkinga í Grunnskólanum á Þingeyri næstu árin. Við fórum einnig yfir niðurstöður úr samræmdum prófum í íslensku síðustu sjö ára og beindum sjónum okkar að lesskilningsþættinum.

Síðan sýndum við kennurum skólans þessar sömu niðurstöður og sköpuðust miklar og gagnlegar umræður um niðurstöðurnar, bæði þær góðu og slæku.

Skólastjóri fékk afrit af öllum glærum í tölvupósti.

Í blálökin tóku kennarar saman nokkra punkta um lestrarvinnu vetrarins.

Það sem hefur áunnist í vetur er m.a að:

- kennarar hafa prófað nýjar aðferðir.
- skólalæsi sýnir jákvæðni og gleði vegna lestrar.

Það sem hefur gengið vel í vetur er að:

- kennarar finna fyrir auknum vilja nemenda til að standa sig vel.
- ánægja nemenda við yndislesturinn hefur aukist.
- félagalesturinn hefur gengið vel.



Það sem hefur helst vafist fyrir fólki er að:

- fá foreldrana með í lestrardansinn.

Næstu skref til að læsisvinnan haldi markvisst haldi áfram eru að:

- kenna formlegan lestur upp allan grunnskólann.
- láta kvitta fyrir lestur alveg upp í 10. bekk.

Við hefðum gjarnan viljað stoppa lengur á Þingeyri og eiga ítarlega samtál við skólafólkið þar en vegna þéttar dagskrár þá gátum við það því miður ekki. Á Þingeyri er áhugasamur kennarahópur sem hefur metnað fyrir hönd nemenda sína og samfélagsins.

Kópavogur, 11. maí 2016

Sigríðbjörg Þ. Þorleifsdóttir
Nafn

Þrynja Baldursdóttir
Nafn

Afrit af bréfi:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tónstundasviðs